

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti
fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, er Sambandi íslenzkra berklasjúklinga er veitt til að reka vöruhappdrætti samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, skal gilda til ársloka 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febrúar 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 6. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.